



## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Viðmiðunarreglur við mat á niðurfellingu sakarkostnaðar

#### 1. gr.

Umsókn um niðurfellingu sakarkostnaðar skv. 2. mgr. 239. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal senda sýslumanninum á Norðurlandi vestra, innheimtumiðstöð. Umsókn skal skilað á sérstöku eyðublaði þar um. Umsókn skal vera rökstudd og þar skal meðal annars gerð grein fyrir félagslegum aðstæðum umsækjanda og ástæðum þess að hann telur sig ekki geta staðið straum af greiðslu sakarkostnaðar.

Með umsókn um niðurfellingu skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. staðfest ljósrit skattframtala umsækjanda síðastliðin tvö ár,
- b. gögn um tekjur umsækjanda á því tímabili sem liðið er frá síðasta skattframtali,
- c. önnur gögn sem þýðingu hafa t.d. læknisvottorð og örorkuvottorð.

Sýslumanni er heimilt að óska eftir að umsækjandi leggi fram önnur þau gögn er hann telur nauðsynleg til þess að taka afstöðu til umsóknar.

#### 2. gr.

Við mat á því hvort sakarkostnaður verði felldur niður skal miða við að stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars, fjármagnstekjur og aðrar tekjur, þ.m.t. skattfrjálsar tekjur, nemi ekki hærrí fjárhæð en samtals 4.772.000 kr. Hækka skal þessa viðmiðunarfjárhæð um 530.000 kr. fyrir hvert barn undir 18 ára aldri þ.m.t. stjúp- og fósturbörn, sem búa hjá umsækjanda eða hann greiðir meðlag með.

Synja má beiðni um niðurfellingu sakarkostnaðar þótt tekjur umsækjanda séu undir viðmiðunarmörkum skv. 1. mgr. þegar umsækjandi á fé á bankareikningi, hlutabréf, skuldabréf, fasteign, lausafé eða aðrar eignir.

Einnig má synja beiðni um niðurfellingu séu tekjur undir viðmiðunarmörkum skv. 1. mgr. vegna sérstakra aðstæðna sem ætla má að séu aðeins tímabundnar, s.s. meðan á námi eða afplánun refsivistar stendur.

#### 3. gr.


Fella má niður sakarkostnað þótt tekjur umsækjanda séu yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 2. gr. ef:

- a. aflahæfi umsækjanda er verulega skert til frambúðar vegna varanlegrar örorku, eða veikinda,
- b. umsækjandi hefur staðið skil á greiðslum skv. samningi um greiðslu sakarkostnaðar við sýslumann í a.m.k. 1 ár en ekki eru líkur á að aflahæfi hans breytist til batnaðar og ljóst þykir að hann muni ekki ná að greiða sakarkostnaðinn á komandi árum.

#### 4. gr.

Viðmiðunarreglur þessar koma í stað viðmiðunarreglna frá 1. nóvember 2019.

*Dómsmálaráðuneytinu, 12. september 2024.*

  
Guðrún Hafsteinsdóttir

  
Haukur Guðmundsson